

Miðvikudaginn 19. júní 1968.

Nr. 212/1965. **Sigurður Árnason** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn

Jóni Árnasyni og gagnsök
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1965 og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmdur til handa umferðarréttur með búfénað sinn frá Neðri-Sámsstöðum eftir heimreiðinni að eyðibýlinu Vestur-Sámsstöðum og að gagnáfrýjanda sé skylt, vilji hann girða yfir gömlu heimreiðina, að hafa hlið á veginum. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. janúar 1966, og krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um sakarefni verði staðfest og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í 2. mgr. 12. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 segir: „Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiptagerðinni ákveðið um notkunarrétt hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhalds- og vegagerðarkostnað svo og hvar nýir vegir skuli liggja“. Landskiptamenn hafa eigi í landskiptagerð sinni frá 3. ágúst 1962 mælt með þeim hætti, sem nefnt lagaboð býður, fyrir um veg eða vegarstæði og kostnað af vegi á umferðarleið þeirri, sem mál þetta varðar. Er því aðaláfrýjanda rétt í samræmi við 3. tl. 1. gr. laga nr. 46/1941 að krefjast endurskipta með tilliti til umferðarleiðar sinnar frá Neðri-Sámsstöðum til eyðibýlisins Vestur-Sámsstaða og áfrýja þeirri endurskiptagerð til yfirlandskiptanefndar, ef þurfa þykir.

Ber mál þetta eigi að svo stöddu frekar undir dómstóla. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Mál þetta ber að svo stöddu undir landskiptanefnd samkvæmt lögum nr. 46/1941.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Vettvangsdómur Rangárvallasýslu 9. september 1965.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 9. júní s.l., síðan endurupptekið 6. september s.l. og dómtekið þann sama dag, er höfðað fyrir vettvangsdómi Rangárvallasýslu með stefnu, útgefinni 16. júní 1964 af Sigurði Árnasyni bónda, Sámsstöðum III (vesturbæ II), gegn Jóni Árnasyni, Sámsstöðum III (vesturbæ I), báðum í Fljótshlíðarhreppi.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennd verði með dómi heimild hans til umferðar með búfénað sinn frá Sámsstöðum III (vesturbæ II) eftir heimreiðinni að eyðibýlinu Vestur-Sámsstöðum og að stefnda sem eiganda Sámsstaða III (vesturbæ I) sé skylt, óski hann að girða yfir gömlu heimreiðina, að hafa þar hlið á veginum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning hinn 6. september s.l. lýsti lögmaður stefnanda yfir eftirfarandi: „Að gefnu tilefni frá umbjóðanda mínum, Sigurði Árnasyni, lýsi ég því yfir, að hann telur, að framburðir landskiptamanna fyrir vettvangsdómi hafi gengið svo mjög í berhögg við orðalag landskiptagerðarinnar, að hann hefði hiklaust látið gerðina fara til yfirlandskipta, ef hann hefði skilið hana á þann veg, sem landskiptamenn vilja nú túlka hana. Þess vegna muni hann þegar hefjast handa um mál til ógildingar landskiptagerðarinnar í heild, enda hafi nýgerðar mælingar leitt í ljós, að töluvert vantar á, að uppgefnar landstærðir skv. skiptagerð séu réttar. Því teldi ég eðlilegast, að frestað væri að ljúka þessu máli, fyrr en dómur lægi fyrir um gildi landskiptagerðarinnar, en legg þetta á vald dómsins“.

Dómurinn telur, að yfirlýsing þessi geti ekki gegn mótmælum

stefnda leitt ex officio til frestunar dómsuppkvaðningar í málinu.

Skal greint frá málavöxtum.

Í bréfi til hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, dags. 15. nóvember 1961, óskaði stefndi leyfis hreppsnefndarinnar til þess að girða yfir gömlu heimreiðina, þar sem hún liggur yfir tún stefnda frá akveginum (nú sýsluveginum) upp að býli stefnda, í stefnu norðvestur skammt fyrir neðan gripahús stefnda. Samþykkti hreppsnefndin 11. júní 1962 að veita stefnda umbeðið leyfi. Lokaði stefndi síðan þessari leið með girðingu.

Hinn 3. ágúst 1962 voru framkvæmd landskipti á milli jarða stefnanda og stefnda, og er sýnt, að landskiptanefndin hefur m. a. haft í huga ágreining málsaðilja um þann hluta upprekstrarleiðar, sem um ræðir í þessu máli. Landskiptanefndin hefur talið sig bæra að ákveða um notkunarrétt aðilja á umferðarleiðum um lönd þeirra. Landskiptagerðin geymir ákvæði að þessu lútandi, og mun vikið að þeim síðar.

Hinn 8. nóvember 1962 ritar stefnandi vegamálastjóra bréf, þar sem hann óskar úrskurðar vegamálastjóra um samþykkt hreppsnefndarinnar og stefnanda verði heimiluð umferð um téða ágreiningsleið. Í bréfi, dags. 15. febrúar 1963, leggur svo vegamálastjóri fyrir hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps, að hún sjái um, að umrædd leið verði opnuð að nýju, og var það síðan gert fyrir tilstuðlan hreppsnefndarinnar. En stefndi lokaði enn leiðinni, og leiddi það til þess, að stefnandi leitaði til sýslumanns og krafðist þess, að girðingin yrði fjarlægð með fógetavaldi.

Fógetadómur Rangárvallasýslu tók málið til meðferðar, og var úrskurður dómsins á þá leið, að umbeðin fógetagerð skyldi ekki ná fram að ganga, og var m. a. rökstuddur með því, að réttur stefnanda til umferðar um umdeildan leiðarspotta væri eigi svo ótvíræður, að byggja mætti á innsetningargerð.

Úrskurði þessum áfrýjaði stefnandi til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 3. september 1963.

Dómur Hæstaréttar féll hinn 29. apríl 1964, og segir þar m. a.: „Í máli þessu er ekki þörf slíkra bráðabirgðaaðgerða, að innsetningargerð verði heimiluð án þess, að kveðið sé á um efnislegan rétt aðilja. Í kröfu áfrýjanda og málflutningi felst, að hann eigi að einhverju leyti umferðarrétt um land það, sem við landskiptin féll í hlut stefnda. Landskiptagerðin er ekki nægilega glögg um umferðarétt aðilja á því svæði, sem hér er um að tefla. Ber því nauðsyn til að krefja landskiptamenn umsagnar um umferðar-

ákvæði landskiptagerðarinnar eða vættis fyrir dómi til skýringar á þeim, ef því er að skipta. Og þar sem ágreiningur aðilja snýst um það, hvort umferðarkvöð til handa áfryjanda hvíli á úrskiptu landi stefnda, ætti að reka mál til úrlausnar honum fyrir vettvangsdómi samkvæmt lögum nr. 4/1919, 16. gr.“.

Í framhaldi af þessum úrslitum í innsetningarmálinu hefur stefnandi höfðað vettvangsmál þetta til þess að fá viðurkenndan umferðarrétt yfir land það, sem stefnda féll í hlut við landskiptin, á hinum umdeilda vegarspotta, gömlu troðningunum neðan gripahúsa stefnda.

Eins og vikið er fyrr að, hefur landskiptanefndin vitað um ágreiningsefni þessa máls og hún talið sér rétt og skylt að kveða á um upprekstrarleið frá býlum málsaðilja, um leið og löndum með þeim var skipt.

Landamerki milli jarða aðilja eru ekki umdeild, svo að vitað sé.

Landskiptagerðinni hefur ekki verið áfrýjað.

Landskiptanefnd sýnist eigi hafa í úrskurði sínum um upprekstrarleiðina, sem ágreiningi hefur valdið með málsaðiljum, farið út fyrir valdsvið sitt, sbr. 12. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti. Þykir því rétt að leggja landskiptagerðina til grundvallar niðurstöðu um efni málsins. Landskiptamennirnir hafa allir komið fyrir vettvangsdóm og staðfest úrskurð sinn um það, hver umferðarleið sú, sem hér er umdeild, skuli vera, og gætir fulls samræmis í framburði landskiptamanna. Þá er til staðar til enn frekari skýringar og staðfestingar loftmynd, þar sem umferðarleiðin er skilmerkilega á dregin, eins og landskiptamennirnir ákváðu hana.

Samkvæmt landskiptagerðinni er umferðarleiðin þessi:

Liggur í vestur frá sýsluveginum frá vörðu við efsta þverskurð og síðan meðfram landamerkjunum Neðri-Sámsstaðamegin (vesturbæ II) að vörðu nokkru vestar. Síðan frá þeirri vörðu Neðri-Sámsstaðamegin meðfram merkjunum í norður sem leið liggur að efratúnshliði.

Þessi ákvörðun landskiptanefndarinnar leiðir til þess, að stefnda er ekki skylt að þola umferðarkvöð á landi sínu á þeirri slóð, sem um hefur verið deilt. Þá hafa dómendur gengið á vettvang ásamt aðiljum, lögmönnum þeirra og landskiptamönnum og skoðað allar aðstæður, og verður ekki annað séð en að umferðarleið sú, sem ákveðin er samkvæmt framansögðu, sé greiðfær og annmarkalaus. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður í mál-

inu, en aðiljar greiði að hálfu hvor gerð uppdráttar og annan útlagðan kostnað dómsins, samtals kr. 2.020.00.

Dóm þenna hafa kveðið upp ásamt hinum reglulega dómara, Birni Fr. Björnssyni, samdómsmennirnir Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður og Páll Hallgrímsson sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Árnason, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Sigurðar Árnasonar.

Málskostnaður falli niður að öðru leyti en því, að aðiljar máls greiði að hálfu hvor þóknun fyrir gerð uppdráttar og annan útlagðan kostnað af dómsins hálfu, samtals kr. 2.020.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. júní 1968.

Nr. 175/1967. **Gunnar Sigurjónsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Dánarbúi Steindórs Jónssonar og gagnsök

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október s. á. Krefst hann þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er í málinu greinir og framkvæmd var hinn 7. október 1966, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 109.500.00 með 7% ársvöxtum frá 9. desember 1964 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí